

Dans 4. bekkur

Kennarar: Gígja Jónsdóttir

| 4

Lýsing

Kennt er í 6 vikna lotum, tvisvar í viku, 80 mín. í senn. Kennsla fer fram í dansskólanum Óskandi á Eiðistorgi.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Kennslan byggist á því að þroska líkamsvitund og líkamslæsi nemenda. Lögð verður áhersla á hreyfigreind einstaklingsins sem og félagslegan þroska í gegnum samvinnu og samhljóm. Nemendur kynnast fjölbreyttum aðferðum í skapandi dansi, þar sem þau kanna hreyfingar í gegnum form, hraða, tilfinningu og rými. Stuðst verður við tónlist/hljóð og myndrænt efni til þess að örva ímyndunarafl nemenda í tímum. Mikið verður lagt upp úr sjálfstæðri vinnu í gegnum skapandi ferli þar sem nemandinn er sjálfur uppspretta sköpunarverksins sem og samstarfi og hópefli nemanda þar sem þau læra samvinnu og hlustun. Nemendur munu einnig læra einfalda dansa, þar sem þau þjáfa líkamsminnið og að dansa í takt við tónlist.

Námsáætlun

1. vika: Aðlögun - nemendur kynnast uppbyggingu og hegðun innan danstímans. Hópefli.
2. vika: Þema: Rými. Upphitun, skapandi æfingar út frá þema. Hópdans kenndur. Dansleikur. Slökun, hugleiðsla.
3. vika: Þema: Hraði. Upphitun. Skapandi æfingar út frá þema. Hópdans æður. Dansleikur. Sköpun í hópum. Tónlistaræfingar.
4. vika: Þema: Form. Upphitun. Skapandi æfingar út frá þema. Nýr hópdans kenndur. Dansleikur. Sjálfstæð sköpun. Myndlistaræfingar. Sjálfsmat.
5. vika: Þema: Tilfinning. Upphitun. Skapandi æfingar út frá þema. Hópdans æður og brotinn upp. Dansleikur. Frjálst danssmíði út frá öllum þemum.
6. vika: Upprifjun og samsetning úr fyrri tímum. Leikir.

Grunnþættir menntunar

Í danstímum verður leitast við að skapa jákvætt og hvetjandi umhverfi fyrir nemendur. Lögð er áhersla á félagslegt gildi dansins sem byggir á samvinnu og þjálfun í félagslegri færni sem og þarfir nemanda á einstaklingsbundinn hátt þar sem hver nemandi fær að njóta sín og tjá styrkleika sína og byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Í líkamanum býr þekking og skilningur á veruleikanum sem í sumum tilfellum er eingöngu hægt að tjá í gegnum hreyfingu. Skapandi og listræn vinna í dansi veitir nemendum tækifæri til að koma þessari þöglu þekkingu á framfæri og fyrir suma er líkamstjáning nærtækasta leiðin til að tjá sig almennt. Möguleikar dansins felast því í að brjóta niður múra tengda tungumáli, þroska eða milli kynja. Í skapandi dansi takast nemendur á við mismunandi verkefni á eigin forsendum óháð stöðu og þroska þeirra að öðru leyti. Mikilvægt er að styrkja hreyfigreind nemenda í gegnum dans og hvetja þá til að hreyfa sig daglega og stuðla þannig að því að nemendur taki ábyrgð á eigin heilbrigði.

Námsmat

Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og byggir á metanlegum hæfniviðmiðum sem valin hafa verið, ásamt því sem horft er

til virkni, frammistöðu, samvinnu, sjálfstæðis og vandaðra vinnubragða.

Kennarinn notar gátlista til þess að meta framlag nemenda í kennslustundum.

Sjálfsmat þar sem nemendur taka þátt í eigin mati. Nemendur gera sjálfsmat þar sem þeir fá að meta sitt eigið framlag í kennslustundunum.

Lagt er upp úr jákvæðri hvatningu og eflingu sjálfstraust nemenda við vinnu sína. Niðurstöðurnar birtast inn á Mentor.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Nám og viðfangsefni byggjast fyrst og fremst á virkni í tímum, einstaklingsvinnu og hópsamvinnu.

Uppbyggingarstefnan: Í skólanum er unnið í anda Uppbyggingar (Restitution), sem einnig gengur undir nafninu Uppeldi til ábyrgðar. Um er að ræða mannúðarstefnu sem leggur áherslu á að kenna sjálfstjórn og ýtir undir hæfni til að bera ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Mikilvægur þáttur í uppbyggingu er að öllum sé ljóst hvert sé hlutverk þeirra og lífsgildi. Virðing er leiðarljós í samskiptum.

Skyldur nemenda: Að taka kennslustundina alvarlega, mæta stundvíslega, allir vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitsemi og kurteisi, allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð, að virða jafnt nemendur sem kennara. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.

Skyldur kennara: Að taka kennslustundina alvarlega, mæta stundvíslega, allir vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitsemi og kurteisi, allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð og virða nemendur. Kennari skal vera vel undirbúinn og miðla þekkingu til nemenda sinna. Kennari aðlagar kennsluhætti að þroska og getu nemenda og mætir mismunandi þörfum þeirra.

- Reglur í danssal: Nemendur bíða stilltir eftir að kennslustund hefjist og fara eftir fyrirmælum danskennara. Nemendur fá leyfi kennara til þess að fara á salernið.
- Hreinlæti; Mikilvægt að þvo hendur áður en mætt er í danstíma.
- Samskipti Nemendur sýni samnemendum sínum og kennara virðingu og tileinki sér jákvæðni, tillitsemi og kurteisi.
- Mæting Nemendur mæta stundvíslega í tíma.
- Virkni í tímum: Nemendur taki virkan þátt í kennslustundum. Ef til þess kemur að nemendur treysti sér ekki til þess að taka þátt þá þurfa þau að fá leyfi danskennara til þess að sitja og fylgjast með tímanum.
- Leyfi: Aðstandendur hafi samband við ritara skólans sem sér um leyfisskráningar.
- Fatnaður: Nemendur mæti í fötum sem er þægilegt að hreyfa sig í.
- Verðmæti: Notkun snjallsíma er óheimil í danssal og skulu nemendur geyma þá á góðum stað á meðan á kennslustund stendur.
- Meiðsli: Geti nemandi ekki tekið fullan þátt í danstíma vegna meiðsla er ætlast til að aðstandendur hafi samband við danskennara. Ef nemandi meiðist í danstíma mun kennari hafa samband við ritara skólans og upplýsa um ástandið.
- Ágreiningur: Ef eitthvað kemur uppá hjá nemenda rétt fyrir, á meðan eða eftir danstíma er mikilvægt að sá hinn sami láti kennarann sinn vita svo hægt sé að leysa úr ágreiningi.

Sel - dans 4. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - dans 4. bekkur - Dans

- Beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu, sjálfum sér til ánægju.
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum, hlustað á hugmyndir þeirra og lagt fram eigin.
- Virt samskiptareglur, borið virðingu fyrir kennara og jafningjum í samstarfi.

Sel - dans 4. bekkur - Lykilhæfni

- Tekið virkan þátt í kennslustund og unnið eftir fyrirætlunum.
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.